

AUGLÝSING

um breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun, vegna Ufsarveitu.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2004 staðfest breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun frá 15. ágúst 2002.

Breytingar verða á framkvæmdum í nágrenni fyrirhugaðs Ufsarlóns í Fljótsdalshreppi m.a. vegna niðurfellingar áður fyrirhugaðrar Bessastaðaveitu. Gert er ráð fyrir jöfnunargöngum, loftunarholum og þrýstijöfunarstokki í og við Jökulsárgöng og haugsvæði við Ufsarlón. Ennfremur breytist lega Hraunavegar með nýrri brú yfir Jökulsá í Fljótsdal neðan Ufsarstíflu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 22. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.